

Tillaga til ályktunar

Aðalfundur Eikar fasteignafélags hf. 11. apríl 2024

Gildi-lífeyrissjóður óskar eftir því að eftirfarandi tillaga til ályktunar verði borin undir aðalfund Eikar fasteignafélags hf. til samþykktar:

„Aðalfundur Eikar fasteignafélags hf., haldinn 11. apríl 2024, beinir því til stjórnar félagsins að endurskoða samþykktir félagsins með þeim hætti að lagðar verði til á næsta aðalfundi breytingar á þá leið að allir fulltrúar tilnefningarnefndar verði kosnir á aðalfundi hverju sinni. Stjórn leggi til fulltrúa í nefndina við aðalfund en hluthafar hafi jafnframt tillögurétt.“

Greinargerð:

Í samþykktum félagsins er gert ráð fyrir því að í tilnefningarnefnd sitji 3 einstaklingar sem ekki eigi sæti í stjórn félagsins. Hluthafafundur kjósi tvo nefndarmenn sem boðið hafa sig fram eða verið tilnefndir til framboðs af hluthöfum eða tilnefningarnefnd. Að hluthafafundi loknum skuli stjórn síðan tilnefna einn einstakling í nefndina.

Að mati sjóðsins væri það heppilegra fyrirkomulag til framtíðar við skipun í nefndina að hluthafafundur kjósi alla fulltrúa nefndarinnar. Er þess vegna lagt til að orðalag samþykpta verði endurskoðað hvað það varðar og slíkt lagt fyrir hluthafa til samþykktar. Það gæti til dæmis verið útfært á þann hátt að til þess að tryggja framboð í nefndina skuli stjórn leggja til þrjá fulltrúa í tilnefningarnefnd við aðalfund félagsins. Hluthafar hefðu að sama skapi rétt til þess að tilnefna fulltrúa í nefndina innan tiltekins frests. Verði tilnefningar fleiri en laus sæti yrði kosið á milli viðkomandi aðila en ellegar teldist tilnefningarnefnd sjálfkjörin. Er þetta lagt til í því skyni að áhersla sé á að um sé að ræða nefnd á vegum hluthafa og að hægt verði að ná fram niðurstöðu um það á viðkomandi fundi ef hluthafar hafa aðrar hugmyndir um fulltrúa í nefndina en lagðar eru til af hálfu stjórnar.

Óskað er eftir því að ályktunartillögunni verði komið á framfæri við hluthafa félagsins.

4. apríl 2024

Gildi-lífeyrissjóður